

Nd.

420. Frumvarp til laga

[219. mál]

um breyting á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974 um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Upphaf 2. málsgreinar 3. greinar laganna orðist svo:

Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávarafli öðrum en sild

2. gr.

Við 3. grein laganna bætist 3. málsgrein svohljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi, skal Verðlagsráð skipað sömu fulltrúum og um getur í 2. málsgrein 3. greinar um verðlagningu á fiskúrgangi, með þeirri breytingu, að í stað eins fulltrúa tilnefndum sameiginlega af fulltrúum frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda, komi einn fulltrúi tilnefndum sameiginlega af fulltrúum félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi í Verðlagsráði. Um hæfi þessa fulltrúa gilda sömu ákvæði og um getur í 2. málsgrein.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði tvær breytingar á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Önnur breytingin er sú, að Verðlagsráðið skuli framvegis ákveða verð á síldarúrgangi, en ákvörðun verðs á honum hefur ekki heyrt undir Verðlagsráðið til þessa, sbr. upphaf 2. mgr. 3. gr. Um verð á síldarúrgangi hefur verið samið milli síldarsaltenda og þeirra verksmiðja, sem kaupa hann. Meðan leyfð var veiði á sild til bræðslu var það samkomulag milli aðila, að verð á síldarúrgangi skyldi vera ákveðið hlutfall af verði síldar til bræðslu. Eftir að veiðar á sild voru leyfðar að nýju til mannelis, hafa veiðar til bræðslu hinsvegar verið hannaðar. Af þeim sökum hefur verð á sild til bræðslu ekki verið ákveðið undanfarin ár og framangreind hlutfallsregla um verð á síldarúrgangi því verið ónothæf. Komið hefur í ljós að töluvert misræmi er á því verði, sem greitt er fyrir síldarúrgang á ýmsum stöðum. Hafa síldarsaltendur sérstaklega óskað eftir því, að Verðlagsráðið ákveði verð á síldarúrgangi framvegis og er samkomulag um það í ráðinu að það skuli gert, en með þessu frumvarpi er leitað heimildar fyrir ráðið til þess. Ekki þykir ástæða til að breyta skipulagi ráðsins af þessari ástæðu að öðru leyti en því að í stað fulltrúa fiskisöluaðila í fiskúrgangsdeild komi fulltrúi síldarsaltenda við verðlagningu á síldarúrgangi. Hin breytingin er sú, að lifur frá veiðiskipum verði framvegis verðlögð í fiskúrgangsdeild. Frá því að byrjað var að verðleggja lifur frá veiðiskipum í ársbyrjun 1975, hefur sú verðlagning farið fram í fiskideild, og er það í samræmi við það ákvæði laganna, að sú deild skuli ákveða verð á þeim sjávarafli, sem ekki er sérstaklega falið öðrum deildum ráðsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Lifrarbræðslur eiga ekki sérstaka aðild að ráðinu. Fulltrúar í fiskideild eru fyrst og fremst fulltrúar söluaðila að því er varðar lifur, en lifrarkaupendur hafa þar enga fulltrúa. Eiga þeir erfitt með að sætta sig við þetta. Ekki þykir ástæða til þess að setja á stofn sérstaka deild vegna þessarar verðlagningar enda munu lifrarkaupendur sætta sig við það að fulltrúar kaupenda í fiskúrgangsdeild gæti hagsmuna þeirra.